

Nr. 111 / 11 Farsæll SH 30***Skipverji tognar í öxl***

Skipaskr.nr. 1629
IMO nr. 0
Smíðaður: Seyðisfirði 1983
Stærð: 177,8 brl. 237,4 bt.
Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 26,16 m
Breidd: 7 m Dýpt: 3,55 m
Vél: Caterpillar 560 kW 1992
Fjöldi skipverja: 9



Farsæll ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. september 2011 var Farsæll SH 30 á botnvörpuveiðum á Agötumiðum um 60 sml SV af Bjargtöngum. Veður: NA 17 m/sek.

Þegar verið var að láta trollið fara og strekktist í bakstroffurnar kom slaki á dauðalegginn og skipverji ætlaði að húkka honum úr leiðaranum. Hann dró til sín slaka á dauðalegginn með vinstri hendi, svo léttara væri að vinna verkið, en þá fann hann til sársauka í hendinni svo hann færði þungann yfir í hægri hönd á meðan hann fór með endann aftur á hlera.

Eftir nær tvo daga var hann orðinn handlama vegna verkja í vinstri öxl.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.